

Samantekt

Fundur Hagsmunaráðs

Fundarstaður: Hilton Nordica Hótel

Dagsetning: 10.1.2025

Fundartími: 9.00 – 13.00

Fundarritari: Stefán Gunnar Thors

Mætt:

	Hagsmunaráð	Fulltrúar fyrir
X	Ágúst Elvar Bjarnason	Samtök ferðaþjónustunnar
X	Ása Valdís Árnadóttir	Samtök íslenskra sveitarfélaga
X	Breki Karlsson	Neytendasamtökin
	Pórey S Þórisdóttir	Neytendasamtökin
	Finnur Ricart Andrason	Ungir umhverfissinnar
	Gunnar Stefánsson	Háskóli Íslands
	Gunnar Valur Sveinsson	Samtök ferðaþjónustunnar
X	Silja Rán Steinberg Sigurðardóttir	Samorka / dreifiveitur
	Sigríður Mogensen	Samtök iðnaðarins / stórnotendur
X	Guðný Hjaltadóttir	Samtök iðnaðarins / stórnotendur
X	Hildur Hauksdóttir	Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
X	Hjalti Jóhannesson	Háskólinn á Akureyri
X	Kristín Linda Árnadóttir	Samorka / Orkuframleiðendur
	Margrét Ágústa Sigurðardóttir	Bændasamtökin
	Auður Alfa Ólafsdóttir	ASÍ
	Guðmundur Kristjánsson	Háskólinn í Reykjavík
	Sigríður Dögg Guðmundsdóttir	Íslandsstofa
	Magnús Halldórsson	Íslandsstofa
	Sigríður Elín Þórðardóttir	Byggðastofnun
	Kristján Þór Halldórsson	Byggðastofnun
	Þorgerður María Þorbjarnardóttir	Landvernd
X	Björg Eva Erlendsdóttir	Landvernd
	Frá Landsneti	
	Einar S. Einarsson	Forstöðumaður skrifstofu forstjóra
	Gnýr Guðmundsson	Forstöðumaður kerfisþróunar
X	Guðmundur Ingi Ásmundsson	Forstjóri Landsnets
	Svandís Hlín Karlsdóttir	Framkvæmdastjóri Viðskipta- og kerfisþróunar
X	Herdís Sigurgrímsdóttir	Verkefnisstjóri kerfisáætlunar
X	Ari Trausti Guðmundsson	Formaður hagsmunaráðs

1. Hagsmunaráð | Setning fundar : Ari Trausti Guðmundsson

Farið yfir helstu viðfangsefni dagsins.

2. Staðan | Hvað hefur gerst frá birtingu stöðuskýrslu raforkumála árið 2022? : Guðmundur Ingi Ásmundsson

Farið yfir áhrif hagsmunaráðs, m.a. hvernig umræða um orkumál hefur breyst. Tilgangur með ráðinu er að ná samstöðu um mikilvæga hluti.

Áhersluatriði hagsmunaráðs árið 2022 og hvað hefur gerst eftir það

(1) Uppbygging á flutningsneti hefur orðið skrefi á eftir. Mikilvægt að meta hvort áætlanir um uppbyggingu ráði við orkuskipti á næstu 18-28 árum.

- Ný orkuspá Landsnets staðfestir aukningu raforkuþarfar. Miðað við forsendur þá er það mat Landsnets að það eru líkur á viðvarandi orkuskortur til 2029. Vegna ýmissa verkefna lítur staðan betur út til lengri tíma. Mikilvægt er að hafa staðreyndir um stöðu orkumála á hreinu þegar rætt er um aðgerðir.
- Uppsöfnuð fjárfestingarþörf Landsnets er um 80-90 ma.kr.
- Vegna orkuskipta þarf að tvöfalda eignarstofninn á næstu 10 árum.

(2) Brýnt er að fyrir liggir hvernig fara skuli með vindorku í rammaáætlun, skipulagsmálum og leyfisveitingarmálum. Í drögum að rammaáætlun eru allir vindorkukostir settir í biðflokk.

- Fyrir liggur frumvarp um vindorku, skýrsla starfshóps um vindorku og skýrsla starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu.

(3) Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar 2021 var markmiði um jarðefnaeldsneytislaut Íslands flýtt til 2040 frá 2050. Til að ná markmiði þurfa aðilar sem koma að leyfisveitingarferlinu að samstilla forsendur og aðgerðir.

(4) Leyfisveitingareflið er of langt og miklar tafir í ferli rammaáætlunar.

- Allt bendir til þess að eftirspurn tvöfaldist við full orkuskipti. Miðað við fyrirbyggjandi áform munu full orkuskipti í samgöngum ekki nást árið 2040.
- Frumvarp til laga um breytingar til einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála. Frumvarpið tekur hins vegar ekki til leyfisveitinga fyrir flutningsmannavirkja.
- Hætta er á að uppbygging flutningsmannvirkja verði flöskuháls til að mæta orkuskiptum og orkuþörf.

Umræður

- Breyting á skipulagslögum um heimild til að stofna Raflínunefnd hefur ekki orðið til þess að stytta og einfalda málsmeðferð flutningsmannvirkja. Nauðsynlegt að laga löggjöfina til að ná markmiðum.
- Flutningskerfið er þegar ákveðinn flöskuháls.

Raforkumarkaður

Fjallað um raforkumakað: Langtímasamningar, skammtíamarkaður og kerfisþjónusta og rekstur. Gerð grein fyrir mikilvægi skammtíamarkaðar.

Umræða

- Fjallað um aðgengi almennings að raforku og verð hennar. Frumvarp sem ætlað var að tryggja framboðsöryggi almennings kláraðist ekki á Alþingi.
- Varðandi umfjöllun um aðgengi að orku var bent á mikilvægi þess að blanda ekki saman skammtíma og langtíma málum, þar sem þau eru mjög mismunandi.
- Fjallað um gerð orkuspár og forsendur þess að Landsnet og Orkustofnun vinni sitt hvora spánna.

- Skammtímamarkaður er ekki virkur á Íslandi, en hann er mjög mikilvægur drifkraftur í orkunýtingu og stýringu á hegðun framleiðenda og notenda eftir ástandi hverju sinni.
- Landsnet horfir talsvert til skammtímaorkuöryggis, þar sem það er hlutverk fyrirtækisins að viðhalda jafnvægi í kerfinu á hverju tíma. Skammtímaorkuöryggi snýr mikið að verðmerkjum þar sem notendur og framleiðendur munu tryggja jafnvægi milli notkunar og framboðs eftir skammtímaverðmerkjum. Miðstýring raforkukerfisins, eins og nú er gert, verður ekki tæk í framtíðinni, með tilkomu sveigjanlegrar framleiðslu og notkunar.
- Fjallað um forsendur og afleiðingar orkuskorts og hækkaðs orkuverðs í Evrópu.
- Fjallað um uppskiptingu verðsvæða raforku í Noregi og hvort að sambærileg lausn geti gengið á Íslandi.
- Evrópulöggjöfin leggur ofuráherslu á að tryggja neytendum (heimilum) og litlum fyrirtækjum aðgengi.

3. Hvað þarf að gera til að ná markmiðum um orkuöryggi og orkuskipti : Svandís Hlín Karlsdóttir

Orkuöryggi er ein af grunnstoðum samfélagsins og tryggja þarf að raforkumarkaður standi undir þeim þörfum sem samfélagið krefst í framtíðinni.

Drifkraftur breytinga eru m.a. loftslagsmarkmið, líkur á orkuskipti þar sem eftirspurn er umfram framboðs, tafir í uppbyggingu lykilinnviða.

Viðfangsefnin til að bregðast við snúa að uppbyggingu, leyfisferlum og virkjum markaði.

Umræður

- Hver eru viðmið um orkuöryggi? Það er mjög dýrt að tryggja allt 100%. Hvar liggja mörkin um hvað sé ásættanlegt. Neyðaraðgerðir eru mjög dýrar.
- Unnið er að skilgreiningu á því hvar mörkin liggja og auka gagnsæi verðmyndunar.
- Það er mjög dýrt að geyma raforku til að mæta neyðarástandi.

Skilvirkt leyfisveitingarferli og forgangsöröðun verkefna

- Lögð hefur verið fram stefna stjórnvalda um ákveðnar aðgerðir, en þær hafa engin forgang. Umrædd forgangsverkefni þurfa að fylgja sama ferli og aðrar framkvæmdir. Það eru fordæmi erlendis um að lykilorð framkvæmdir fái sérmálsmeðferð (PCI) Project of Common Interest.

Virkur orkumarkaður

- Það þarf að horfa til fjölbreyttra leiða til að ná markmiðum og virkur orkumarkaður er ein af þeim. Það eru að koma nýir markaðir: Vindlundir, rafeldsneyti, sólarorkuframleiðsla, orkugeymslur og snjalltækni.

Umræða

- Hvernig tekur Landsnet ákvörðun um að tengja vindlund, ef ekki er ljóst hvort að viðkomandi er búin að selja. Viðbrögð: Gagnsæi á verðum á raforkumarkaði er ákveðin grunnur fjárfestinga. Í framtíðinni fer Ísland frá því að virkjanir og notendur verði búnir að tryggja sig með langtímasamningum. Þá verður gagnsætt verð grunnur fyrir samninga eða vísbendingu um verð sem viðmiðun.
- Hvaða vandamál er verið að leysa með skammtímamarkað?
- Elma er ekki tilkomin til að liðka fyrir uppbyggingu vindlunda.
- Aðstæður fyrir nýtingu vindorku eru allt aðrar á Íslandi en erlendis. Ef vindur dettur niður er gasið nýtt. Er til þessi „mótspilari“ fyrir vind?

Landsnet telur að það sé ljóst að það verði uppbygging í tengslum við vindlundi og aðra sveigjanlega framleiðlu – ásamt sveigjanlegri notkun. Orkumarkaðurinn þarf að vera sveigjanlegri til að mæta nýrri tegund notkunar og framleiðslu á orkumarkaði. Nýting vindorku er sveiflukenndari og til að takast á við þennan sveigjanlega þarf að virkan markað. Vatnsaflíð getur fyrsti „mótspilari“ við vind, en einnig eru til skoðunar þróun í nýtingu jarðhita.

Niðurstaðan verður líklega samspil margra þátta „mótspilara“, þ.e. vatnsafl, jarðhita og notenda sem geta hagað aukningu eða minnkun notkunar sinnar eftir verðmerkjum frá skammtíamarkaði.

Markaðurinn er að miklu leyti handstýrður í dag, sem gengur ekki til lengdar. Skammtímaorkumarkaður Elma vinnur í tímaramma sem er mjög mikilvægur fyrir skammtímaorkuöryggi og notendur sveiflukenndrar orku og framleiðendur slíkrar orku.

4. Teams spjall | Einar Snorri Einarsson

Ákveðið að setja upp Teams tengil fyrir spjall og miðlun upplýsinga til fulltrúa hagsmunaráðs.

5. Vinnustofa

Vinnustofa um hvað þurfi að gera í orkumálun til að ná markmiðum um aðgengi, orkuöryggi og loftslagsmál. Unnið með tvö viðfangsefni og spurningin er hvað getur Landsnet gert.

- **Orkuöryggi** : Mikilvægur þáttur í raforkulögum og stefnu stjórnvalda er orkuöryggi.
 - Hvað er orkuöryggi í ykkar huga?
 - Hvað felst í orkuöryggi?
 - Hvert er hlutverk Landsnets til að tryggja orkuöryggi?
- **Aðgengi að orku** : Það hefur ekki gengið skv. áætlunum að byggja upp flutningskerfið.
 - Þarf að breyta nálgun í uppbyggingarverkefnum?
 - Þarf að forgangsraða verkefnum á annan máta?
 - Hvernig getur Landsnet stuðlað auknu aðgengi að orku (og skv. áætlunum)?

Orkuöryggi	Tillögur vinnustofu	Umræða
Skilgreining	Mikilvægt að tryggja rétta notkun hugtaka. Það vantar hugtök. Hugtakaruglingur er að trufla umræðuna. Lagt til að mót betri hugtök og festa þau í reglugerð.	
Skilgreining	Skilgreina hvað fellur ekki undir orkuöryggi.	
Skilgreining	Orkuöryggi er geta raforkukerfisins til þess að útvega viðskiptavinum órofna raforku af ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði.	
Skilgreining	Orkuöryggi er tengt ákveðnum og skilgreindum viðmiðum. Viðbrögð þarf þegar viðmiðin eru brotin.	
Skilgreining	Orkuöryggi er að íbúar og fyrirtæki geti sinnt daglegum störfum, nýsköpun og þróun án þess að hafa áhyggjur af orkuskorti. Verð þurfa að vera sanngjörn.	
Skilgreining	Tryggja aðgengi að orkunni eftir þörfum notenda. Gagnsæi í verðlagningu.	
Skilgreining	Örugg afhending af orku í því magni sem þörf er á án truflana.	
Skilgreining	Orkuöryggi er óhæði frá innfluttu jarðefnaeldsneyti.	
Skilgreining	Orkuöryggi er rekstraröryggi orkukerfisins.	
Hlutverk	Landsnet þarf að tryggja að flutningsgeta kerfa mæti eftirspurn og þörfum notenda.	
Hlutverk	Hlutverk Landsnets er að leggja mat á raforkuöryggi til skammtíma og langtíma, en einnig hvar og	

	hvenær því er ógnað og í samvinnu við hagaðila að grípa til aðgerða.	
Hlutverk	Landsnet þarf að stuðla að framsýnni uppbyggingu flutningskerfisins.	
Hlutverk	Kortleggja hvar og hvenær orkuöryggi er ógnað.	
Hlutverk	Hlutverk Landsnets er að flytja orkuna á sinn stað á sanngjörnu verði.	
Hlutverk	Landsnet þarf að fylgjast með þörf og mælikvörðum. Upplýsa um stöðuna. Reka markað og byggja upp kerfið í samræmi við þörf.	
Annað	þarf skýrari reglur um skammtanir?	
Orkumarkaður	Tveir orkumarkaðir. Þak á verði til heimila.	Hvernig á eiga tveir markaðir að virka í raun. Það er eitt framleiðslukerfi og eitt flutningskerfi, hvernig á að skipta markaðnum upp? Hvaða áhrif hefur hún á framboð raforku?
Orkumarkaður	Vernd heimila. Áhersla á köld svæði.	þarf sömu vernd fyrir öll heimili? Í Evrópu hefur áherslan verið fyrst lögð á að vernda viðkvæma notendur.

Aðgengi	Tillögur vinnustofu	Umræða
Hlutverk	Flutningsleiðir / kerfi þurfa að vera tryggðar um allt land. Framtíðaráætlun út frá þörf á flutningi, ekki bara út frá virkjunum.	
Hlutverk	Draga úr flöskuhálsum í flutningskerfi	
Hlutverk	Uppbyggingarverkefni byggja á tillögum frá orkufyrirtækjum út frá orkuþörf á hverjum stað.	Forgangsraða uppbyggingu kerfisins m.t.t. þess hvar vanti orku.
Stjórnvöld	Það vantar stefnu um uppbyggingu innviða – vinnsla og flutningur.	Allir eru að gera allt, út um allt. Gerir það erfitt að forgangsraða verkefnum og hafa yfirsýn. Kerfisáætlun Landsnets er ákveðin sýn á framtíðina og Rammaáætlun er önnur sýn. Dreifiveitur eru að vinna í að byggja upp sínar kerfisáætlanir.
Stjórnvöld	Einfalda regluverk	
Stjórnvöld	Skattlagning flutningsmannvirkja. Mikilvægt fyrir sveitarfélög.	

Stjórnvöld	Landsskipulagsstefna fjalli um og ákveði fyrirkomulag mikilvægra innviða s.s. hafnir, flugvelli og flutningskerfi raforku.	Er unnt að taka ákveðna innviði út fyrir lögbundin ferli? Það eru skiptar skoðanir á því hvað sé þjóðhagslega mikilvægt.
Stjórnvöld	Skilgreina innviði sem eru þjóðhagslega mikilvægir (Overriding public interest).	
Stjórnvöld	Hvar eru mörkin á milli flutningskerfis og dreifiveitna. Hvernig er fyrirkomulag sem nær mestri þjóðhagslegri hagkvæmni?	
Stjórnvöld	Einfalda þarf leyfisveitingarferlið og samræma þá vinnu við endurskoðun á fyrirkomulagi rammaáætlunar.	
Landeigendur	Næsta kynslóð landeigenda fær ekki bætur.	
Landeigendur	Einfalda samtal við landeigendur. Landeigendur verði að stofna félag á sambærilegan hátt og veiðifélög. Einfaldari samningaviðræður, þ.e. heimildir fyrir meirihlutaákvörðun landeigenda.	

Umræða

- Skilgreining hugtaka, aðgengi að upplýsingum og skilningur á stöðu er grundvallaratriði þannig að unnt verði að ræða lausnir. Ekki er hægt að ræða lausnir ef aðilar ósammála eða óvissa ríkir um hver sé vandinn.
- Hverjir mega gera langtímasamning við Landsnet?
- Eru stjórnvöld að missa tækifæri á að stýra verðlagningu með tilkomu Elmu?
- Huga þarf að því sem orkan er notuð í. Íslendingar eru að mörgu leyti orkusóðar.
- Er hluti af vandanum að það sé búin að eiga sér stað ofsala á raforku?

5. Næstu skref : Ari Trausti Guðmundsson

- Vorfundur Landsnets er þann 5. mars 2025. Einar Snorri sendir fundarboð á fulltrúa hagsmunaráðs.
- Stefnt að því að kynna kerfisáætlun fyrri hluta apríl 2025.
- Næsti fundur hagsmunaráðs verður haustið 2025.

Áhugaverð gögn

[Skýrsla um raforkumálefni](#). Umhverfis- orku- , og loftslagsráðuneytið

[Energy Poverty in the Nordic Countries](#). Nordic Energy Research